Snipping Tool


Leiðbeiningar teknar saman
af Jóhönnu Geirsdóttur og
Sólveigu Friðriksdóttur í ágúst 2026

https://www.youtube.com/watch?v=kc2uMxwZ0Ik
How to Use the Windows 11 Snipping Tool to Take & Edit Screenshots

Til að sækja **Snipping Tool** er smellt á **Search Windows** og skrifað **Snipping Tool**



Táknið fyrir **Snipping Tool** birtist ofarlega.



Hvað er Snipping Tool?

Snipping Tool er skjámyndaforrit sem fylgir endurgjaldslaust með Windows 11. **Snipping Tool** er innbyggt í Windows og hentugt verkfæri til að vinna með ef klippa þarf afmarkað svæði, t.d. hluta af mynd, skjali eða skjá og skeyta inn í annað skjal.

Hægt er að klippa hluta af skjá – eða jafnvel taka mynd af öllum skjánum. Síðan er hægt að líma (Paste) myndina inn í skjal.


Til að klippa það sem er á skjánum er ýtt á **Windows-hnappinn + Shift + S**



þá opnast skjámyndavalmyndin strax.


Hvernig virkar Snipping Tool?

Hafið skjalið opið (eða skjáinn) sem á að klippa úr.
Smellið síðan á **New** til að taka skjámynd.
Þegar það er virkt verður skjárinn (skjalið) mattur.
Valið er það svæði sem á að klippa út með músinni.





New Snip Nýtt
Ný skjámynd
Windows+ Shift + S
Skjámyndavalmyndin opnast strax.




Rectangle Rétthyrnt svæði
Teiknar kassa (réttyrning) með músinni yfir það svæði sem á að taka mynd af.
Window Gluggi
Tekur mynd af einum opnum glugga.
Full-screen Allur skjárinn
Tekur mynd af öllum skjánum.





Tekur upp það sem gerist á skjánum sem myndband.

Freeform Frjálst form Formið teiknað í kringum það sem á að taka.







Delay Seinkun
Stjórnar seinkun áður en skjáskot er tekið.

Hægt er að stilla tímann sem líður þar til hægt er að taka skjámynd eftir að smellt hefur verið á **New**

Þetta er sérstaklega gagnlegt ef opna þarf valmynd eða smella á eitthvað áður en skjáskotið er tekið.

Microsoft gefur dæmi um að nota seinkun til að ná mynd af valmynd sem annars myndi lokast þegar reynt er að taka skjáskot.

Cancel Hætta við aðgerð



Text Extractor
Windows+ Shift + T
Taka texta af skánum og afrita hann.
Les texta sem er á skjánum og gerir hann að texta sem hægt er að afrita.
Texti á mynd eða PDF sem ekki er hægt að velja.

Þá er hægt að nota **Text Extractor**, velja textann, afrita hann (**Copy**) og líma hann síðan inn í Word (**Paste**).

Microsoft kallar þetta **Optical Character Recognition (OCR)** og textagreiningin fer fram á tölvunni sjálfri.

Eftir að búið er að velja myndina kemur upp verkfærastika með ýmsum möguleikum til að vinna með hana.



Penni – Hægt er að skrifa eða teikna inn á skjámyndina. Örin fyrir neðan táknið gefur fleiri valmöguleika, t.d. lit og þykkt.
Yfirstrikari – Hægt er að merkja texta, eða hluta myndar, með yfirstrikun. Örin gefur fleiri stillingar.
Strokleður – Eyðir því sem hefur verið teiknað eða merkt með pennanum/yfirstrikaranum.
Form – Setur inn form, t.d. hring, rétthyrning, línu eða ör, eftir því hvaða möguleikar eru í útgáfunni.
Crop/Skera – Klippir burt hluta af myndinni.
Text actions – Finnur texta á skjámyndinni og gerir kleift að afrita hann sem venjulegan texta. Þetta er OCR.
Undo/Redo –Tekur síðustu breytingu til baka / Endurtekur breytingu sem verið var að afturkalla.
Edit in Paint – Opnar myndina í Microsoft Paint til að hægt verði að vinna frekar með hana þar.
Síðan er hægt að velja t.d. hvar eigi að vista myndina (**File – Save As**) og á hvaða formi (png, gif, jpeg eða html).
Einnig er hægt að deila myndinni með öðrum forritum eða aðferðum sem eru í boði í Windows.
More – Opnar fleiri möguleika og stillingar.

Að taka skjáskot á **MAC** Shift+Command+**4** til að velja svæði.
Shift+Command+ **3** til að velja allan skjáinn.